

19. tbl.

15. maí. 2024

31 árg.


Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

BRAUTSKRÁNING 2024



Brautskráning nýstúdenta fer fram við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu á Laugum laugardaginn **18.maí kl. 14.00.**

Við bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin að gleðjast með okkur og þiggja kaffiveitingar að athöfn lokinni í matsal skólans.

Aðalfundur Hollvinasamtakanna Vinir Laugaskóla verður haldinn 18.maí kl. 12:30 í Próttó. Velunnarar skólans eru hvattir til þess að mæta.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum

Aðalfundur Grenjaðarstaðasóknar

verður haldinn í safnaðarstofunni Grenjaðarstað,

Þriðjudaginn 21. maí - kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir velkomnir.

Stjórnin.

Aðalfundur

Veiðifélags Reykjadalssár og Eyvindarlækjar.

Verður haldinn á Bollastöðum,
sunnudaginn 19 maí kl. 14:00.

Dagskrá.

Hefðbundin aðalfundarstörf
Ræktunarnefnd
Framkvæmdir á Bollastöðum
Önnur mál

Aðalfundur Styrktarfélags HSN

Verður haldinn á kaffistofu Heilsugæslunnar á Húsavík að Auðbrekku 4 neðri hæð, þann 21. maí kl. 16:30

Hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem afhent verða þakkarbréf til helstu styrktaraðila

Léttar veitingar í boði

Öllum er velkomið að mæta og kynna sér félagið. Tekið verður við skráningum í félagið á fundinum.

Stjórn Styrktarfélags HSN í Þingeyjarsýslum

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.- m.vsk

heilsíðuauglýsing kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið **hlaupastelpan@isl.is**

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

Endilega sendið á mig orðsendingu á **hlaupastelpan2024@gmail.com**
ef þið viljið fá Hlaupastelpuna í tölvupósti



Ensemble Elegos flytur barokktónlist í Skútustaðakirkju

Barokkhópurinn Ensemble Elegos býður upp á 17. aldar veislu í Skútustaðakirkju þann 17. maí kl. 20. Að þessu sinni er efnisskráin helguð þremur ítölskum tónskáldum 17. aldarinnar, þeim Claudio Monteverdi, Francesco Cavalli og Barböru Strozzi. Í blábyrjun 17. aldar urðu verk Monteverdis uppspretta ritdeilna vegna djarfrar notkunar á ómstríðum tónum. Einn nemenda Monteverdis var óperutónskáldið Francesco Cavalli, sem naut mikilla vinsælda í Feneyjum um miðja 17. öld, en sum verka hans voru einnig flutt í París á æskuárum Lúðvíks fjórtánda. Cavalli kenndi svo feneysku söngkonunni Barböru Strozzi, sem hóf feril sinn 16 ára gömul á stofutónleikum í húsi fósturföður síns og tók síðar virkan þátt í fundum menntamannahópsins sem hann stofnaði, Accademia degli Unisoni. Á tónleikunum hljóma verk eftir þessi þrjú tónskáld og við leitumst við að rannsaka hvernig tónlistarstefna berst frá kennara til nemanda en breytist einnig með hverju nýju tónskáldi.

Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin.
Tónleikarnir eru styrktir af Tónleikasjóði.

Ensemble Elegos:

Enrico Busia tenór

Sólveig Thoroddsen barokkharpa

Sergio Coto Blanco teorba og barokkgítar